

bænda
FERÐIR

HAUSTGLEÐI Í KRÓATÍU



4. - 14. október 2022

Fararstjórn: Gísli Einarsson

Haut 8

Króatía | Austurríki | Slóvenía | Þýskaland

Ferðalýsing

Það er draumi líkast að ferðast um eyjaperlur Króatíu úti fyrir **Kvarner flóa** og kynna sér menningu og lífnaðarhætti eyjarskeggja. Ferðin byrjar í Austurríki þar sem gist verður í bænum **Villach** en síðan ekið til Króatíu og komið til bæjarins **Crikvenica** þar sem dvalið verður bróðurpart ferðarinnar. Farið verður í töfrandi ferðir, m.a. siglingar yfir á **eyjuna Krk** þar sem fegurðin gælir við okkur og út í eyjuna **Kosljun**. Við heimsækjum höfuðstað eyjunnar Krk, samnefnda virkisbæinn en þessi fjölsótti bær er menningarmiðstöð eyjunnar. Siglum yfir til **Cres**, sem er ásamt Krk stærsta eyja **Adríahafsins**, en Cres er tengd við **eyjuna Lošinj** sem er blóma- og furuparadís. Þar skoðum við yndislega bæinn **Mali Lošinj** með sínum þröngu, hlykkjóttu hliðargötum og dýrðlegu útsýni. Við upplifum eina af glæsilegustu náttúruleiksýningum Austur-Evrópu í vatnaþjóðgarðinum **Plitvička Jezera** sem er þakinn vötnum, fossum, ám og lækjum. Einnig verður farið í draumasiglingu yfir á **Rab eyjuna** en íbúar hennar eru sagðir hamingjusömustu íbúar landsins. Þar verður að í bænum **Lopar** þar sem við upplifum hina dýrðlegu Paradísarströnd og miðaldabæinn **Rab** sem talinn er einn fallegasti hafnarbær Kvarner flóans. Þessi eyjadraumur endar í fæðingarborg Mozarts, **Salzburg**, en borgin er í hugum margra hin sannkallaða perla Austurríkis.

11 dagar | 10 nætur

1 nótt Villach | 7 nætur í Crikvenica | 2 nætur Salzburg



4. október | Flug til München & Villach


Brottför frá Keflavík kl. 7:20 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í München kl. 13:05 að staðartíma. Þaðan verður ekin falleg leið til Villach í Austurríki, þar sem gist verður fyrstu nóttina í hjarta bæjarins.

5. október | Crikvenica í Króatíu

Eftir góðan morgunverð og rólegheit verður farin undurfalleg leið í gegnum Slóveníu til bærjarperlunnar Crikvenica við Kvarner flóa í Króatíu. Hér verður gist í sjö nætur á hóteli í miðbænum en hótelið er örfáum skrefum frá ströndinni. Einnig er heilsulind á hótelinu með saunu.

6. október | Eyjan Krk, eyjan Kosljun & vínbóndi

Ævintýraferð í dag um fallegu eyjuna Krk með heimamanni sem fræðir okkur um líf eyjarskeggja, menningu og listir. Krk eyjan er ásamt Cres stærsta eyja Adríahafsins og ber höfuðborgin nafn eyjunnar. Eyjan er tengd meginlandinu með Krk brúnni eða hinni svokallaðri Tito-brú eins og hún hét áður. Hún var byggð stuttu eftir lát forseta landsins árið 1980 og nefnd eftir honum. Byrjað verður á að aka til bæjarins Punat



þar sem farið verður í stutta siglingu út á eyjuna Kosljun við víkina Puntarska Draga. Á eyjunni er að finna mjög áhugavert Franziskana klaustur frá 15. öld með heilmiklu safni og undurfallegri Maríukirkju. Eftir það verður ekið til höfuðstaðar eyjunnar, gamla virkisbæjarins Krk, en þessi fjölsótti bær er menningarmiðstöð eyjunnar og upplifum við hann á skemmtilegri göngu. Þessi góði dagur endar á akstri til bæjarins Vrbnik þar sem vínbóndi verður heimsóttur.



7. október | Rólegur dagur Crikvenica



Við ætlum að taka lífinu með ró í dag og skoða umhverfið í þessum fagra bæ við Kvarner flóann. Farið verður í skemmtilega göngu um þennan fræga ferðamannabæ þar sem íbúar hafa byggt afkomu sína á ferðaþjónustu í 125 ár. Eftir það verður frjálfs tími til að kanna bæinn á eigin vegum. Pálumum prýdd strandgatan er falleg og það er gaman að kynnst lífi og menningu bæjarbúa.

8. október | Eyjarnar Lošinj & Cres

Í dag ætlum við að fara í smá eyjahopp. Byrjum á því að aka til Valbiska á Krk þar sem við tökum ferju yfir til Merag á Cres sem er ein af landbúnaðareyjunum. Ekið verður yfir á eyjuna Lošinj sem er blóma- og furuparadís eyjanna í Króatíu. Hér er að finna suðrænan gróður, s.s. pálma- og furutré, agave plöntur, lárvíðarrós, sítrónutré, salvíu og lofnarblóm. Eyjan telst til sólríkustu staða Evrópu og státar af yfir 2500 sólarstundum á ári, sem þýðir að það eru um 300 nánast skýjalausir dagar á ári. Komum til Mali Lošinj, höfuðstaðar hennar, en þar liggur miðbærinn upp frá smábátahöfn með fjölmörgum, huggulegum verslunum og kaffi- og veitingahúsum sem bjóða upp á dæmigerða Miðjarðarhafsrétti. Það er gaman að ganga um þröngar, hlykkjóttar hliðargötur og fara upp að aðalkirkju bæjarins en þaðan er dýrðlegt útsýni yfir bæinn og flóann. Eftir yndislegan tíma þar verður ekið yfir til bæjarins Cres, sem er höfuðstaður samnefndrar eyju. Bærinn er einstaklega hrífandi og þéttbyggður bæjarkjarninn minnir helst á Feneyjar. Hér gefum við okkur tíma til að skoða okkur um áður en ekið verður til baka á hótelið.



9. október | Vatnajóðgarðurinn Plitvička Jezera

Þennan dag leggjum við land undir fót og heimsækjum þjóðgarðinn Plitvička Jezera. Garðurinn er þakinn 16 vötnum, fossum, ám og lækjum sem saman mynda stórkostlegt náttúrusjónarspil. Þessi undursamlegi staður hefur verið á heimsminjaskrá UNESCO frá árinu 1979 og er fegurðin ólýsanleg. Hér er



um að gera að klæðast góðum skóm, því eina leiðin til að virða fyrir sér dýrðina er fótgangandi.

10. október | Sigling yfir á Rab eyjuna, Lopar & miðaldabærinn Rab

Dásamlegur dagur sem byrjar á siglingu yfir á draumaeyjuna Rab sem er skógi vaxin með undurfallegar sandstrendur, umvafin kristalstærum sjó. Íbúar eru sagðir þeir hamingjusömustu í allri Króatíu enda búa þeir í söguríkum, gömlum bæjum í náttúrufegurð sem lætur engan ósnortinn. Komið verður á nokkra fallegustu staði eyjunnar og staldrað við á merkum stöðum. Það verður t.d. komið til miðaldabæjarins Lopar sem stendur við fallegustu strönd eyjunnar, svonefnda Paradísarströnd, og að miðaldabænum Rab, sem byggðist út á keilulöguðum tanga. Rab er með sterkum feneyskum blæ og af mörgum talinn



einn fallegasti hafnarbær Kvarner flóa. Eftir góðan morgunverð verður farið í skemmtilega göngu með heimamanni um gamla bæinn þar sem við kynnumst sögu hans og menningu. Fjórir turnar bæjarins eru tákn hans og tróna yfir rauðum leirpökum húsanna sem gera þennan miðaldabæ svo hrífandi. Eftir skoðunarferð er frjáls tími sem upplagt er að nota til að kynnst mannlífinu á torgum og strætum, í verslunum og kaffi- eða veitingahúsum.

11. október | Rólegheit í Crikvenica

Kærkominn hvíldardagur eftir dásamlega daga og nú verður tími til að slaka á og njóta þess að vera á þessum fagra stað. Notaðu sér aðstöðu hótelsins eða fara í gönguferð inn í miðbæinn og kanna betur líf bæjarbúa sem er líflegt og skemmtilegt.

12. október | Crikvenica & Salzburg í Austurríki

Nú er komið að því að kveðja þetta yndislega land. Eftir morgunverð verður ekin falleg leið norður eftir Slóveníu inn í Austurríki og tökum stefnuna á fæðingarborg Mozarts, Salzburg. Þar verður gíst í tvær nætur. Borgin er þekkt fyrir byggingar í barokkstíl og hefur verið á heimsminjaskrá UNESCO síðan árið 1996 en Salzburg er í hugum margra hin sannkallaða perla Austurríkis.

13. október | Dagur í Salzburg og frjáls tími

Við hefjum daginn á skoðunarferð um helstu staði borgarinnar skoðum m.a.

Mirabellgarðinn og göngum eftir Getreidegasse sem er með elstu og þekktustu götum borgarinnar en þar er að finna mjög áhugavert Mozartsafn. Margar glæstar byggingar prýða borgina en einnig verður haldið upp í kastalann Hohensalzburg þar sem hluti kvikmyndarinnar Söngvaseiður eða Sound of Music var tekinn upp.

Stórkostlegt útsýni er þaðan yfir Salzburgerland og borgina.



14. október | Heimferð frá München

Það er komið að heimferð eftir ævintýrlega og skemmtilega ferð og er stefnan tekin á München. Brottför þaðan kl. 14:05 og landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Verð

239.900 kr. á mann í tvíbýli | 32.800 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður á hótélum.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir, kláfa og kirkjur.
- ✓ Siglingar.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.

Valfrjálst

- ✓ Sigling til Košljun og heimsókn til vínbónda ca € 22.
- ✓ Sigling til eyjunnar Cres ca € 6.
- ✓ Vatnaþjóðgarðurinn Plitvička jezera ca € 30.
- ✓ Sigling yfir á eyjuna Rab ca € 5.
- ✓ Kláfur upp í Salzburgkastala ca € 13.

